



Hafnarfjarðarbær.

B.t. Helgu Stefánsdóttur.

Minnisblað vegna bókungar Hafnarfjarðarbæjar um Reykjanesbraut, Lækjargötu, hringtorg. Óskað var eftir frekari greiningu á umferðaröryggispáttum.

Verkfræðistofan Verkís hefur sent frá sér minnisblað vegna þessa dags. 19. 2. 2018. Eftirfarandi er álit Vegagerðarinnar á þeim páttum sem þar koma fram. Hafa þarf í huga að Reykjanesbraut er stofnvegur og um hana fer talsverð þungaumferð. Umferð í tenglum við námur og iðnaðarsvæði í Hafnarfirði sem og sunnar, fólksflutningaumferð vegna Leifsstöðvar auk annarar umferðar. Markmið Vegalaga er að stuðla að greiðum og öruggum samgöngum. Vegagerðin er veghaldari Reykjanesbrautar.

1 Gatnamótin.

Úttekt Verkís sýnir að með því að breyta hringtorginu í hefðbundin ljósastýrð vegmót aukist afköst á vegmótunum. Engu að síður verður þjónustustig D á vegamótunum eftir breytingar. Skv. Veghönnunarreglum skal fyrir umferð í þéttbýli og planvegamót miða við að ná a.m.k. þjónustugráðu D samkvæmt HCM. Þá er átt við þjónustustig 20 árum eftir opnun mannvirkisins. Því er ljóst að um bráðabirgðaaðgerð er að ræða og brátt er að huga að framtíðarlausn.

2 Hraðalækkandi aðgerðir

Hámarkshraði

Vegagerðin leggur áherslu á að ná hraða niður í 60 km/klst við vegamótin sem er sami hraði og er á nærliggjandi ljósastýrðum vegamótum á Reykjanesbraut.

Mjórri akreinar

Leyfileg hámarksbreidd ökutækis á þjóðvegum er 2,60. Vísað er til þungaumferðar og þannig ekki mælt með akreinar verði þrengdar. Akreinar á Kringlumýrarbraut við Miklubraut voru þrengdar niður í 3,25m úr 3,50 þannig að fordæmi er fyrir slíku. Vegagerðin getur fallist á slíkt í bráðabirgðatilvikum en bendir á að hraði er mestur utan annatíma og þá hefur breidd akreina ekki mikil áhrif á ökumenn til að draga úr hraða.

Buldurspelir

Buldurspelir koma ekki til greina sökum nálægðar við byggð.

Hraðamyndavélar

Vel sýnileg punktmyndavél í um 300-500m fjarlægð frá ljósunum ætti að hafa áhrif á hraða ökutækja við vegamótin. Gróft áætlað er kostnaður við slíka myndavél um 16 m kr. Mögulega þyrfti að fjárfesta í tveimur slíkum; eina fyrir hvora akrein.

Vegaskilti

Rétt er að setja upp áberandi skilti um að ljósastýrð vegamót séu framundan.

Ráðgjöf.

Vegagerðin mælir með að ef af breytingum á hringtorgi í ljósastýrð vegamót verður, verði áberandi skilti um að ljósastýrð vegamót séu framundan sett upp. Jafnvel má setja upp hraðamyndavélar að höfðu samráði við lögreglu.

Virðingarfyllt,

Erna Bára Hreinsdóttir
Forstöðumaður skipulagsdeildar
Tæknifræðingur og skipulagsfræðingur
+354 522-1021 | +354 8605617
Borgartúni 5-7 | 105 Reykjavík
erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is
www.vegagerdin.is